

Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Rangárvallasýslu um flutning þingstaðar.

55
29. apríl

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi dags. 22. þ. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Rangárvallahreppi, veitir ráðuneytið hjermeð samþykki sitt til þess að þingstaður nefnds hrepps verði fluttur frá Reyðarvatni að Hofi í nefndum hreppi, enda annist hreppsnefndin um það, að til verði á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef atvinnu og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, um skiftingu Mosvallahrepps í tvö sveitarfjelög.

56
6. maí

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 3. f. m., hefir borist hingað erindi frá hreppsnefnd Mosvallahrepps, um skifting þessa hrepps í tvö sveitarfjelög, ásamt meðmælum sýslunefndarinnar í Vestur-Ísafjarðarsýslu með því að skiftingin verði leyfð.

Útaf þessu skal hjermeð, samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905, skipað svo fyrir, sem hjer segir:

1. Mosvallahreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu skal skift í tvö sveitarfjelög. Hinir nýju hreppar nefnast Mosvallahreppur og Flateyrarhreppur. Breiðadalsá ræður takmörkum hinna nýju hreppa.

2. Öllum eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Mosvallahrepps, þeim er verða þegar skiftingin fer fram, skal skift þannig milli hinna nýju hreppa, að í hlut Mosvallahrepps komi $\frac{1}{3}$ hluti, en í hlut Flateyrarhrepps komi $\frac{2}{3}$ hlutar, og eftir sama hlutfalli skal skifta sveitarþyngslum þeim, sem síðar kunna að koma og eiga rót sína í fjelagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sjer stað milli hinna nýju hreppa. Undanskildir greindri aðalreglu eru þó eftirtaldir sjóðir:

- a. Gjafasjóður H. Ellefsens frá 1896 verði eign Flateyrarhrepps, undir yfirráðum hreppsnefndarinnar þar.
- b. Gjafasjóður H. Ellefsens frá 1903 og Gjafasjóður frá Idu Ellefsen verða eign Mosvallahrepps og undir yfirráðum hreppsnefndarinnar þar.
- c. Um skiftingu Ellistyrktarsjóðsins skal leitað nánari úrskurðar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

- 56**
6. maí.
3. Flateyrarhreppur tekur að sjer að greiða halla Mosvallahrepps hins forna á Botnsnámunni, að upphæð 5000 kr.
 4. Mosvallahreppur fær kauprjett á þeim hluta jarðarinnar Tungu, sem við skiftin fellur til Flateyrarhrepps, þannig, að kaupverðið sje 1000 kr.
 5. Af sameiginlegum sjóði sjeu ætlaðar 1500 kr. til endurbóta á brúnum í Mosvallahreppi.
 6. Aðskilnaður hreppanna skal fara fram þegar hreppsnefndir hafa verið kosnar í hvorum hinna nýju hreppa, og skulu vera 5 hreppsnefndarmenn í hvorri þeirra, en þær skulu síðan framkvæma skiftinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, en verði ágreinnigur út af skiftingunni, skal úr honum skorið af sýslunefnd, er einnig kveður á um fjallskil og afrjetti.
- Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, frekari aðgerða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gerð á hinum forna Mosvallahreppi sem dómþinghá nje manntalsþinghá.

57
18. maí í **Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, um flutning þingstaðar.**

Samkvæmt tillögum frá yður, herra sýslumaður, í brjefi dags. 26. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Eyrarhreppi, veitir ráðuneytið hjermeð samþykki sitt til þess að þingstaður nefnds hrepps verði fluttur frá Hauganesi í Skutulsfirði til Hnífsdals, enda annist hreppsnefndin um það að til verði á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

58
31. maí í **Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um flutning þingstaðar.**

Samkvæmt tillögum frá yður, herra sýslumaður, í brjefi dags. 5. þ. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Áshreppi, veitir ráðuneytið hjermeð samþykki til þess að þingstaður nefnds hrepps verði fluttur frá Ási að Hofi í nefndum hreppi, enda annist hreppsnefndin um það, að til verði á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.